Hjólakraftur

Reykjavík 05.02.2020.

Til þess er málið varðar.

Hjólakraftur hefur verið í nokkru samstarfi við Reykjavíkurborg og á síðasta ári tók Hjólakraftur húsnæði á leigu við Arnarbakka í Breiðholti. Þaðan eru haldnar æfingar og annað félagsstarf í gangi sömuleiðis. Nú nýverið tók Hjólakraftur meira húsnæði á leigu, í þetta sinn við Völvufell í efra-Breiðholti. Það húsnæði ber núna nafnið Brúin, vegna þeirrar starfsemi sem þar mun fara fram.

Í hluta húsnæðis mun fara fram heimanámsaðstoð á íslensku, þar er leikjatölva í einu herbergi, saumavél og tengdir hlutir í því næsta, listasmiðja með alls kyns litum í því þriðja, aðstaða til að spila borðspil í því fjórða auk setustofa bæði fyrir börn/unglinga og fullorðna. Í öðrum hluta húsnæðis stendur til uppsetning rýmis sem ég kalla Útrásarbás – eða Monkey Park, en þar er að fara upp klifurveggur á einn vegg, slackline, rimlar, kaðlar, kaðalstigar, fimleikahringir - auk auðvitað mjúks fallsvæðis fyrir þetta allt á aðra staði. Þythokkí, borðtennis og fússball - auk diskókúlu og græja.

Því langar mig að biðla til ÍTR um styrk til að aðstoða mig við að koma þessu upp. Heildarkostnaðurinn við þetta allt er rúmar fjórar milljónir, sumsé allt plássið. Í meðfylgjandi skjali er kostnaðaráætlun vegna Útrásarbássins.

Með vinsemd og virðingu.

____________________________

Þorvaldur Daníelsson

Hjólakraftur
Búnaðarþörf fyrir Völvufell

| **Heiti:** | **Magn:** | **Stykkjaverð:** | **Verð samtals:** |
|---|---|---|---|
| Spraybrúsar til málningar | 150 | 2500 | 375000 |
| Hljómflutningstæki | 1 | 100000 | 100000 |
| Timbur í Monkey Park | 1 | 60000 | 60000 |
| Klifurveggur og festingar | 1 | 500000 | 500000 |
| Fimleikahringir | 6 | 4000 | 24000 |
| Rimlar | 4 | 85000 | 340000 |
| Augu til að bolta í vegg | 4 | 2000 | 8000 |
| Vefbretti | 1 | 19570 | 19570 |
| Banfer falldýnur | 30 | 15000 | 450000 |
| HOK leikteppi - Milla | 2 | 8600 | 17200 |
| Kaðalstigi | 4 | 12500 | 50000 |
| Húllahringir | 10 | 900 | 9000 |
| Kaðall | 5 | 8800 | 44000 |
| Hengibrú | 4 | 14500 | 58000 |
| Slackline | 1 | | 70000 |
| Ófyrirséð | 1 | 200000 | 200000 |
| | | | **2.324.770** |